


ÁRUR, AFGANGAR, GOTT OG ILLT

Í vestursal Kjarvalsstaða hafa þrjár listakonur komið fyrir fjölbreytilegum þrívíðum verkum sem þær opna sýningu á í dag. Þær Anna Eyjólfsdóttir, Ragnildur Stefánsdóttir og Þórdís Alda Sigurðardóttir kalla sýninguna Óra um ást og smásmugulegar einkalífsrannsóknir. Í samtali við EINAR FAL INGÓLFSSON sögðu þær sterka kvenlega þætti í verkunum en annars væri þeim ekkert mannlegt óviðkomandi.

Þetta eru þrjár einkasýningar en við sýnum saman því það liggja sameiginlegir þræðir á milli okkar og verkanna," segir ein. „Við erum allar myndhöggvarar," segir önnur. „Og allar í áþreifanlegum, þrívíðum verkum; þótt við séum líka komnar út í ljósmyndirnar," bætir sú þriðja við. Það gengur mikið á hjá þeim Önnu, Ragnildi og Þórdísi Öldu við uppsetninguna. Þórdís stillir upp verkum sem byggjast á safni hversdagslegra hluta, sem hafa verið í eigu fólks sem hún þekkir. Anna er að smíða bátslaga tréramma utan um stóran bláan sekk; hún er líka komin með sjónvarpstæki og eftirmyndir af börnum í salinn. Ragnildur er að vinna með tólf ljósmyndir af augum, en bíður einnig eftir skúlptúrum af árum fólks. Fyrir utan salinn standa þrjár háir skápar, vönduð smíð. Í þá raða listamennirnir verki eða verkum, hver í sinn skáp.



Ragnildur Stefánsdóttir: Íris.

Þórdís Alda segir að við undirbúning sýningarinnar hafi umræður verið góðar, skilningur ríkt um hugmyndafræði verkanna og að það hafi styrkt heildina. „Svo þegar við erum að koma inn með þessu nýju verk sjáum við ennþá betur ýmsar tengingar á milli þeirra," bætir Ragnildur við. Anna segir að þær séu líka allar nokkuð pólitískar í verkunum. „Þetta er ákveðin kvennapólitík. Við erum með viss skilaboð, eða umfjöllunarefni.“ „Þegar ég byrjaði að vinna þessi verk mín, þá ákvað ég að hafa gaman af," segir Þórdís. „Tímabilið þegar hugmyndirnar eru á þeytingi út og suður getur verið spennandi. Eitt er valið og öðru hafnað. Þegar vinnan sjálf hefst er líka margt sem kemur til álita varðandi útfærslu. Þetta veldur bæði spennu og vellíðan.“ Þegar Anna er beðin að lýsa viðfangsefni sínu nánar segist hún vinna út frá hugmyndum um jákvæð og neikvæð viðbrögð, hið góða og hið illa. Það sem getur misfarist hjá mönnum. „Annars vegar er ég með hugmyndina um paradís og hins vegar ofbeldi eða misbeitingu, hvort sem það er misbeiting á fólki eða á valdi.“ Anna hefur komið stóru epli fyrir uppi á háum stópli og segir að þannig hafi það verið í paradís, það þurfti að hafa talsvert fyrir því að ná því. „Á sýningunni les barn upp úr sögu Muggs um Dimmalimm en ég er meira að fjalla um það þegar fólk ætlast til þess að börn séu fullorðin löngu fyrir tímann.“ Anna segist nota ýmiss konar tákni, þau séu saklaus á yfirborðinu en undirtóninn er sterkur. Ragnildur er hins vegar að vinna með árum. Hún hefur gert mót af líkómum og beitt við það hefðbundnu afsteyppuferli, sem hún vinnur síðan lengra í plastefni. „Verkið er hugsað sem sneið eða hluti af áru líkamans. Áran endurspeglar ástand líkama og sálar. Á vísindalegan hátt er hægt að taka ljósmynd af árum, með svokallaðri kirlian-tækni. Áran

lýgur ekki og með þessum rannsóknnum mínum passa ég inn í þessar einkalífsrannsóknir hér á sýningunni. En þessar ljósmyndir af augunum; þau eru speglar sálarinnar. Þau eru eini hluti líkamans þar sem eru raunverulegir litir. Augun eru líka eins og ljós, með þennan svarta depil í miðjunni og þar fyrir innan er manneskjan. Í skápnunum er ég síðan með niðursneidda konu og hef valið liti og ávexti með hverjum líkamshluta.“ Þórdís Alda kveðst skoða lífshætti nútímamannsins. „Ég vinn út frá þessu smáa sem umlykur okkur," segir hún. Hún leitaði til hóps fólks og fékk hjá því smáhluti sem hafa dagað uppi og ekki verið fleygt; hversdagshluti sem kunna samt að hafa persónulega sögu. „Við eigum öll þetta dót, það endar í kössum eða skúffum og er aflagt nema eitthvað komi upp á. Þetta er ákveðin endapunktur innan heimilisins. Ég nýti mér þessa afganga, ber þá á borð og kem fyrir í hirslum – eins og um sagnfræðilegar heimildir væri að ræða. Flestir Íslendingar virðast eiga bréfaklemmur, gamla penna og skrúfur. Það er oft gaman að sjá hvað við getum verið lík innbyrðis. Á sýningunni eru líka leikföng fullorðna fólksins; allir vilja nýtt sjónvarp eða nýjstu gerð af hraðsuðukatli eða kaffikönnu. Það er alltaf verið að skipta hlutum út. Við erum eins og krakkar sem fara inn í leikfangaverslun og vilja nýjan bíl, þótt þeir eigi marga nýja bíla. Við erum svo miklir þrælur auglýsinga og upplýsingastreymisins. Fólk er orðið svo ómeðvitað um hvað það vill og þarf og kærir sig um í raun og veru," segir hún. „Hugurinn nær sjaldnast yfirvegun og ró, áreiðið er svo gifurlegt. Ég er ekki með neina ádeilu, heldur er ég að skoða þetta munstur. Endurteknir í daglega lífinu eru spennandi og ég notfæri mér þær við að koma þessu öllu í form, og vinna um leið með liti og ýmis efni.“ „Við spönnum ólík svið í verkum okkar, þótt þau tengist öll litrófi mannlífsins," segir Ragnildur að lokum.

efi@mbl.is



Þórdís Alda Sigurðardóttir: Sögulegt yfirfall.



Anna Eyjólfsdóttir: Kóngablár.



Eitt verka Alistairs Macintyre.

Veran í deginum

ALISTAIR Macintyre opnar einnig sýningu í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum kl. 16 í dag. Um er að ræða einkasýningu í miðryminu undir yfirskriftinni Veran í deginum. Alistair er breskur listamaður sem dvalist hefur hér á landi um nokkurt skeið og unnið að list sinni.

Mætti kalla ísprykk

Í fréttatilkynningu segir meðal annars: Undanfarin ár hefur hann gert verk sem hann kallar teikningar en mætti kannski líka kalla ísprykk. Við gerð þeirra notar hann stórar ísblokkir sem hann staðsetur á pappírsörkum og lætur bráðna. Í ísblokkunum hefur hann komið fyrir járnformum sem fyrr eða síðar lenda á yfirborði pappírins og ryðga þar. Niðurstaðan er heillandi verk þar sem stöðugt kallast á tilhneiging mannsins til að sveigja náttúruna að sínu höfði og tilviljanakennt ferli náttúrunnar.“ Sýningarnar standa báðar til 28. mars.

Úr torfbæjum inn í tækniöld

hlaut bókmenntaverðlaun STARFSFÓLKS BÓKAVERSLANA sem besta handbókin eða fræðibókin.



1 BESTA HANDBÓKIN EDA FRÆÐIBÓKIN

Viðfangsefnið: Hinir „týndu“ áratugir 20. aldar, þegar þjóðin hristi af sér hlekki fortíðar og fátæktar og tók upp tækni nýrra tíma.



Örn og Örlygur
Sími 588 2013